

Fréttabréf

Grunnskóla Hornafjarðar



3. tbl. 11. árg. mars 2017

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

Árshátíð Grunnskóla Hornafjarðar



Íþróttahúsinu Höfn 30. mars kl. 17:00

Skemmtun fyrir alla fjölskylduna í boði nemenda Grunnskólans.

Verð 500 kr. á mann en hámark 1500 kr. á fjölskyldu.

Sjáumst á árshátíð

Á árshátíðinn ætla nemendur líka að selja gullfalleg handgerð leirblóm á 500 – 1000 krónur stykkið -

Tílvalið páskastraut



Niðurstöður foreldrakönnunar í Skólapúlsinum

Í febrúar fengu foreldrar 120 barna í skólanum könnun á vegum Skólapúlsins en nöfn þeirra voru dregin út í líkindúrtaki. Tæp 90 foreldra svöruðu könnuninni en það þarf yfir 80% svörun svo niðurstöður séu marktækar. Niðurstöður foreldra í Grunnskóla Hornafjarðar eru síðan bornar saman við niðurstöður úr öðrum skólum og skiptast svörin í 5 flokka.

1. Nám og kennsla

Foreldrar eru álíka ánægðir með nám og kennslu og aðrir foreldrar á landinu. Þeir eru heldur ánægðari með stjórnun skólans en aðrir foreldrar en fleirum finnst að aginn í skólanum mætti vera meiri.

2. Velferð nemenda

Í þessum flokki eru foreldrar í GH mun ánægðari en foreldrar í viðmiðunarskólunum og á það við um alla þætti og í sumum þáttum er marktækt meiri ánægja en annarsstaðar. Á það við um ánægju foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur, líðan nemenda í skólanum og líðan nemenda í kennslustundum. Foreldrar eru ánægðir með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda, líðan þeirra í frímínútum og nú telja foreldrar hér umfang eineltis vera minna en aðrir foreldrar og eru sáttari við úrvinnslu mála.

3. Aðstaða og þjónusta

Í þessum flokki eru foreldrar líka ánægðari en aðrir og gildir það um alla þætti en þó sér í lagi aðstöðuna í skólanum og mötuneytið. Í þessum þáttum eru foreldrar hér marktækt ánægðari en annarsstaðar en einnig nota fleiri nemendur mötuneytið og frístundaheimilið og ánægja með frístundaheimilið er líka heldur meiri en annarsstaðar.

4. Foreldrasamstarf

Í þessum flokki eru foreldrar ekki eins sáttir og foreldrar í viðmiðunarskólunum. Þeir telja heldur minna leitað eftir tillögum frá þeim, að þeir hafi minni áhrif á ákvarðanir er varða nemendur og eru heldur óánægðari með síðasta foreldraviðtal en foreldrar annarsstaðar. Þó telja fleiri foreldrar hér sig fá að taka þátt í gerð námsáætlana með nemendum og þeir

telja sig nokkuð vel upplýsta um stefnu skólans og námskrá en ánægja þeirra með heimasíðu skólans er marktækt minni en hjá foreldrum annarsstaðar.

5. Heimastuðningur

Foreldrar hér telja sig sig veita barninu álíka mikinn stuðning í námi og foreldrar annarsstaðar, hafa álíka mikla trú á getu sinni til þess að aðstoða og aðrir og börnin sækjast álíka mikið eftir stuðningi frá þeim. Hinsvegar telja fleiri foreldrar hér að heimavinna sé of mikil og þeir verja marktækt minni tíma en foreldrar annarsstaðar í að aðstoða börnin við heimanám og einnig eru væntingar þeirra um menntunarstig barnanna marktækt minni en hjá foreldrum annarsstaðar.

Samantekt

Í heild kemur niðurstaða könnunarinnar vel út og sérstaka ánægju vekur niðurstaðan í fyrstu tveimur flokkunum. Lögð hefur verið mikil áhersla á að efla kennsluna í skólanum og bæta námsárangur og ánægjulegt að sjá að foreldrar virðast skynja það. Einnig hefur starfsfólk lagt mikið á sig til að vinna gegn einelti og ætla sér svo sannarlega að halda því áfram um leið og líka verður stefnt á betri árangur.

Þeir þættir sem starfsfólk mun skoða betur eru aginn, foreldraviðtölin og hvernig hægt er að leyfa foreldrum að koma meira að ákvörðunum er snerta barnið þeirra. Þá er ljóst að við verðum að kynna heimasíðuna betur og því fylgir hér linkur inn á hana <http://gs.hornafjordur.is/> - endilega kíkið.

Notum eigin orku - skilaboð frá umhverfisteymi

Nemendur eru einstaklega áhugasamir um umhverfismál og vilja virkilega láta til sín taka í þeim málaflokki. Í skólanum er starfandi umhverfisteymi en auk starfsmanna eru í því 13 nemendur. Ákveðið hefur verið að hafa þemadag í vor þar sem umhverfismál verða sett á oddinn og eru nemendur í umhverfisteymi að safna hugmyndum til að vinna með á þeim dögum. Til að koma til móts við áhuga nemenda hafa kennarar skólans ákveðið að helga umhverfismálum eina önn á næsta skólaári og þá verður það meginviðfangsefni í náttúrufræði og samfélagsfræði auk list- og verkgreina.

En umhverfisteymið tók sig líka til mánudagsmorguninn 27. mars og gerði athugun á því hversu margir notuðu eigin orku við að koma í skólann. Það er skemmst frá því að segja að af 200 manns sem nemendur sáu koma í skólann kom 101 á vélknúnu ökutæki, 41, hjólandi og 58 gangandi. Við getum svo sannarlega gert betur þarna

Matseðill í apríl

- 3. apríl Soðinn fiskur með rúgbrauði.
- 4. apríl Kjöt í karrý.
- 5. apríl Steiktur fiskur með raspi.
- 6. apríl Pasta í rjómasósu með hvítlauksbr.
- 7. apríl Súpa, brauð og álegg.



8. – 18. apríl páskafrí.

- 19. apríl Steikt rauðspretta með smjöri.
- 20. apríl Frí – sumardagurinn fyrsti.
- 21. apríl Grjónagrautur með slátri.

- 24. apríl Plokkfiskur.
- 25. apríl Lambasnitsel í raspi.
- 26. apríl Fiskréttur kokksins.
- 27. apríl Kjúklingaleggir með steiktum kart.
- 28. apríl Súpa, brauð og álegg.

Verndum umhverfið – hugum að heilsunni – notum eigin orku

Göngum eða hjólum í skólann, notum hjálm og endurskinsmerki þegar dimmt er. Svo eru regnföt nauðsynleg hverjum Skaftfelling. 😊



Páskafrí hefst að lokinni kennslu 7. apríl
Kennsla hefst aftur síðasta vetrardag miðvikudaginn 19. apríl.

Gleðilega páska